

Um trúarskoðanir hans hefir verið tíðrætt og hefir hann sjálfur látið mjög lítið eftir sig um þau efni. Þó segir hann í dagbók sinni, að ef hann gæfi sér nokkurt trúfræðislegt nafn, myndi hann helst kalla sig „Agnostic“. Ekki vildi hann kalla sig guðsafneitanda, því fyrir því sagðist hann engar sannanir hafa að ekki væri guð til, miklu fremur til hins gagnstæða. En af því hann ekki gat felt sig við ríkiskyrkju-trú Englendinga var hann sagður trúlaus. — Um tilveru mannsins eftir dauðann sagðist hann ekkert geta fullyrt, en líkur væri sterkar fyrir því að maðurinn, er kominn væri alla þá óraleið, neðan frá frumríki tilverunnar, félli ekki til baka ofan í algjört tilveruleysi, þó dauðann bæri að höndum. Tilgangur mannsins og stefna, frá tilverunnar hendi sjálfrar, er sá, að vaxa að þekking og fullkomnun. Dauðinn sjálfur er náttúrulögmál og ekki í ósamræmi við þessa eðlisákvörðun mannkynsins. Meira vildi hann ekki segja.



Úgleði

*Þú forsmán þeirri sárt mér hugur hrýs—
 Sú hörmung finnst mér stærri öllum syndum,
 Að sjá á frelsi lifa og skríða lýs,
 Sem lægra standa „rétttrúnaðar“ kindum.*

P. P.

